

Aðalfundur FFA

Haldinn á sal Akurskóla

20. maí 2009

Kristjana Guðlaugsdóttir fundarstjóri fundarins bauð fundarmenn velkomna og gaf formanni orðið.

1. Skýrsla stjórnar

Hafdís N. Hafsteinsdóttir, formaður FFA, flutti skýrslu stjórnar (sjá skýrslu í „hólfi“ foreldra á heimasíðu Akurskóla).

2. Skýrsla gjaldkera

Hulda Klara Hjaltadóttir fór yfir fjármál félagsins. Spurt var út í sérbók ferðasjóðs en tekjur af fatamarkaði voru settir inn á sérstaka bankabók. Ætlunin er að stofnaður verði sérstakur sjóður til að styrkja skólaferðir nemenda. Enn á eftir að finna fleiri leiðir til að safna fé í þann sjóð. Rætt var um skólaferðir og vorferðir nemenda. Lars, aðstoðarskjólastjóri, upplýsti að 8. og 9. bekkur færi í Bjarkarhúsið í Hafnarfirði og 4. og 5. bekkur í Alviðru. Flestar aðrar vorferðir nemenda væru stuttar og í sem mestri nálægð við skólann. Kostnaður við ferðir skólans í ár eru 900 – 1.500 kr. pr. nemanda. Reikningar bornir upp til samþykkis. Samþykktir

3. Kynning á nýju fyrirkomulagi Foreldrafélags Akurskóla (FFA)

Kristjana Guðlaugsdóttir kynnti nýtt fyrirkomulag í uppbyggingu Foreldrafélags Akurskóla. Hún minnti á að allir foreldrar í Akurskóla væru meðlimir í félaginu og því væri brýnt að virkja sem flesta, en líta ekki svo á að einungis stjórn FFA væri félagið. Helstu breytingar á félaginu væru þær að félagið myndi halda fundi með foreldrum/félagsmönnum einu sinni í mánuði þar sem ýmis mál yrðu rædd er varða félagið og foreldrar gætu komið málum sínum á framfæri, hitt aðra foreldra og borið saman bækur sínar. Á þessum fundum yrði störfum dreift á félagsmenn t.d. myndi einn hópur sjá um jólaföndrið, annar um páskabingó o.s.v.frv. allt eftir því hver þörfin væri og hvað væri á dagskrá á hverjum tíma. Þannig myndi lýðræðið virka best og ábyrgðin dreifast. Umræða var um þetta nýja fyrirkomulag og voru fundarmenn almennt mjög ánægðir með hugmyndina.

Í framhaldi af kynningu Kristjönu töldu fundarmenn nauðsynlegt að áréttu fyrir foreldrum að þeir væru meðlimir í félaginu, margir héldu að félagið væri bara stjórnin. Einnig var rætt um mikilvægt þess að gefa nýju fyrirkomulagi tækifæri enda tæki alltaf tíma að innleiða nýtt kerfi, skólinn væri nýr og því gott tækifæri að skapa nýjar hefðir. Fundarmenn veltu því einnig fyrir sér hvers vegna foreldrar væru svona lítið virkir í foreldrastarfi almennt, m.a. í skólum og íþróttafélögum og þar sem þeir þekktu best til.

4. Lagabreytingar

Lagabreytingar voru lagðar fyrir fundarmenn. Ýmsar góðar og gagnlegar ábendingar komu frá fundarmönnum. Farið var í það að semja endanlegar tillögur með athugasemdir fundarmanna í huga. Lagabreytingar lagðar fyrir fundarmenn til samþykkir. Samþykktar (sjá hér að neðan).

3.gr.

Markmið félagsins er að vinna að velferð nemenda, efla hag skólans og koma á sem bestu sambandi milli skólans og heimila nemenda **sbr. 9. Gr. Grunnskólalagar nr. 91 frá árinu 2008.** *Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.*

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

5.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð **sjö** forráðamönnum barna skólans. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi til tveggja ára, **þrjú** stjórnarmenn annað árið og **fjórir** hitt árið, **þar með** talinn formaður, sem skal kjörinn sérstaklega. Stjórnarmenn skipta með sér verkum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

Á aðalfundi skal einnig kjósa **þrjú fulltrúa í fagráð foreldra** og skulu þeir skipta með sér verkum. **Fagráð setur sér starfsreglur.**

Á aðalfundi skal kjósa tvo fulltrúa foreldrafélags Akurskóla til setu í skólaráði Akurskóla. Þeir skulu kosnir til tveggja ára, einn á hverjum aðalfundi.

Ákvæði til bráðabirgða: Kosnir skulu tveir fulltrúar í skólaráð á aðalfundi 2009, annar til eins árs og hinn til tveggja ára.

6.gr.

Í upphafi skólaárs skal kjósa tvo bekkjarfulltrúa foreldra eða forráðamanna úr **hvorum árgangi í nemendabekkjum, til tveggja ára í senn**, umsjón með því er í höndum **foreldrafélags**. Hlutverk bekkjarfulltrúa sem og starfsreglur eru skilgreindar í handbók félagsins. Bekkjarfulltrúar skulu funda saman með stjórn eigi sjaldnar en **þrisvar á önn**. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf félagsins.

8.gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi sem haldin skal a.m.k einu sinni á ári í **maí**, enda sé það tilkynnt í skriflegri fundarboðun sem senda má með nemendum með minnst fimm daga fyrirvara.

Dagskrá fundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla gjaldkera
3. Lagabreytingar
4. Kosning stjórnar
5. Kosning fulltrúa í fagráð
6. Kosning fulltrúa í skólaráð
7. Kosning skoðunarmanns reikninga
8. Önnur mál

Félagsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

5. Kosning stjórnar, skoðunarmanns reikninga, fulltrúa í fagráð og skólaráð

Inga Birna Kristinsdóttir og Ragnar Þóroddsson gáfu ekki kost á sér til stjórnarsetu áfram. Hulda Klara Hjaltadóttir og Lovísa Hafsteinsdóttir gáfu kost á sér áfram til stjórnarsetu. Þær voru báðar endurkosnar. Telma Dögg Guðlaugsdóttir gaf kost á sér sem nýr stjórnarmeðlimur. Samþykkt.

Ábending kom frá fundarmanni að setja þyrfti í lög félagsins ákvæði um skoðunarmann reikninga. Vegna þess hve langt var liðið á fundartímam kom fundarstjóri með þá tillögu að fresta kosningu í fagráð og skólaráð auk skoðunarmanns reikninga fram á auka – aðalfund í haust. Samþykkt.

6. Önnur mál

Jónína spurði um afstöðu stjórnar til skólabúninga. Í bæklingi skólans til nýrra foreldra væri talað um að nemendur væru í skólabúningum en svo virtist sem nemendur væru ekki allir í skólabúningum og lítil áhersla hefði verið lögð á notkun þeirra í seinni tíð. Nú væru tilvonandi 1. bekkingar og foreldrar þeirra væntanlegir í heimsókn í skólann og erfitt að hafa ekki ákveðna afstöðu varðandi skólabúninga.

Fram kom að afstaða stjórnarmeðlima væri mjög misjöfn. Erfitt væri að gera skólabúninga að skyldu þar sem ekki væri ákvæði um það í grunnskólalögum.

Rætt var um að ákvörðun um skólabúninga á sínum tíma hefði verið tekin á röngum forsendum þar sem könnunin meðal foreldra, sem gerð var áður en búningarnair voru teknir upp, hefði ekki verið nægilega nákvæm og spurningar ekki nógu skýrar. Mjög misjafnar skoðanir voru meðal fundarmanna hvað varðar skólabúninga. Meðal annars var rætt um hver rökin væru með því að hafa skólabúninga. Væri það til að koma í veg fyrir einelti, vegna sparnaðar eða einhvers annars? Einn fundarmanna sagðist hafa verið mikill talsmaður skólabúninga og fagnað tilkomu þeirra á sínum tíma en dóttir hennar hefði aldrei orðið fyrir eins miklu einelti eins og þegar hún mætti í búningnum þar sem svo fáir voru í búning. Fram kom að rætt hefði verið um það í stjórn FFA að hafa búninga í 1. – 4. bekk. en einungis skólapeysur fyrir eldri nemendur. Stjórn FFA mun taka málið til skoðunar og reyna að komast að endanlegri niðurstöðu um málið. Ákveðið var að segja foreldrum tilvonandi 1. bekkjar nemenda að málið væri til skoðunar.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir